

Undirritaðir aðilar, annars vegar **matvælaráðuneytið (MAR), kt. 710812-0120**, og hins vegar **Íslandsstofa, kt. 690986-1599**, auk eftirfarandi hagsmunaaðila hestamanna; **Félag hrossabænda, kt. 460281-0329 / deild hrossabænda í BÍ, Landssamband hestamannafélaga, kt. 710169-3579**, og **Félag tanningamanna, kt. 670390-1369**, gera með sér svohljóðandi:

## SAMNING

um markaðsverkefni til kynningar á íslenska hestinum.

### 1. gr.

#### Markmið

Tilgangur verkefnisins er að stuðla að því að styrkja ímynd íslenska hestsins með samhæfðum skilaboðum í markaðsaðgerðum og kynningarstarfi. Um er að ræða sameiginlegt markaðs- og kynningarstarf undir hatti vörumerkisins „Horses of Iceland“ sem nýtist heildarhagsmunum í að byggja upp orðspor íslenska hestsins á heimsvísu. Stuðlar framangreint að auknum gjaldeyrstekjum með sölu á hestum og vörum og þjónustu því tengt.

### 2. gr.

#### Hlutverk Íslandsstofu

Íslandsstofa er framkvæmdaraðili verkefnisins og sér um fjárhag þess. Fjárframlög samningsaðila renna til Íslandsstofu sem heldur sérstakt verkþókhald vegna þessa verkefnis sem er aðgreint frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Umsýsla Íslandsstofu er verkefninu að kostnaðarlausu þar með talið bókhald, greiðsluþjónusta og endurskoðun.

Íslandsstofa skilar ráðuneytinu aðgerða- og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár eigi síðar en við lok ársins á undan. Uppgjöri verkefnisins fyrir árið á undan skal skila til ráðuneytisins í febrúar. Eigi Íslandsstofa í viðskiptum við lögaðila sem hún á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hennar, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í greinargerð til ráðuneytisins. Þá skal Íslandsstofa veita ráðuneytinu allar þær upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins.

Íslandsstofa sér um framkvæmd verkefnisins í nánú samstarfi við verkefnisstjórn. Íslandsstofa og markaðssérfræðingar vinna með ráðgjafaráðinu sbr. 5. gr. og taka tillit til sjónarmiða og niðurstaðna þeirra í tillögum um aðgerðir í endanlegri markaðs- og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið. Verkefnisstjórn sbr. 4. gr. samþykkir endanlega markaðsáætlun.

Íslandsstofa ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Íslandsstofa skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað. Íslandsstofa ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við samning þennan.


Íslandsstofu er óheimilt að:

- Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- Framsella greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

### 3. gr.

#### Hlutverk MAR

Ráðuneytið greiðir árlegt framlag samkvæmt innsendu yfirliti um verkefni og mótframlag aðila sbr. 10. gr.



Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins. Fyrir lok júní ár hvert skilar Íslandsstofa ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

#### 4. gr.

##### Verkefnisstjórn

Hlutverk verkefnisstjórnar er að bera ábyrgð á framkvæmd aðgerða í aðgerðaráætlun og að þær fylgi meginmarkmiðum verkefnisins. Hún samþykkir jafnframt verkefnisáætlun, sem Íslandsstofa gerir tillögu um. Ákvarðanir skulu afgreiddar með samkomulagi í verkefnisstjórn. Verkefnisstjórn hefur hvorki fjárhagslega umsýslu né gengur til viðskipta í eigin nafni vegna verkefnisins.

Landssamband hestamannafélaga og deild hrossabænda í BÍ skipa tvo fulltrúa hvort í verkefnisstjórn. Ráðuneytið á einn fulltrúa í verkefnisstjórn sem jafnframt er formaður verkefnisstjórnar. Eftirtaldir skipa einn fulltrúa hver í verkefnisstjórnina: Samtök ferðaþjónustunnar, Félag tamningamanna, og útflytjendur.

Verkefnastjóri kallar saman verkefnisstjórn þegar þurfa þykir og eigi sjaldnar en annan hvern mánuð utan sumarleyfistíma. Hver fulltrúi í verkefnisstjórn getur óskað eftir því að fundur verði haldinn.

Ekki er greidd þóknun til stjórnarmanna og skal hver samningsaðili standa straum af kostnaði vegna starfa sinna stjórnarmanna.

#### 5. gr.

##### Ráðgjafaráð

Þátttakendur sem koma fjárhagslega að verkefninu, skipa ráðgjafaráð sem fundar einu sinni á ári. Hlutverk þess er að rýna stefnu og móta áherslur í markaðsaðgerðum, enda séu þær í samræmi markmið og meginstefnu verkefnisins.

Þátttakendum mun verða tryggður sýnileiki í kynningu verkefnisins, m.a. með því að fá lógó sitt inn á vefsíðu verkefnisins og tengil inn á vefsíðu sína, og geta einnig fengið að nýta einkenni verkefnisins í sínu kynningarstarfi.

#### 6. gr.

##### Framkvæmd og afurð verkefnisins

Lögð verður áhersla á samlegð í kynningarstarfi við aðrar greinar og svið, s.s. ferðaþjónustu í markaðsverkefninu *Inspired by Iceland* og við kynningu á íslenskri menningu.

Verðmæti sem verða til í verkefninu í formi hugverka, tengsla eða álíka verða nýtt í sameiginlegu markaðsstarfi fyrir greinina á verkefnistímanum og eftir að honum lýkur, undir hatti Íslandsstofu eða eftir nánara samkomulagi sem samningsaðilar kunna að gera með sér.

#### 7. gr.

##### Samstarf á verk tíma


Haldnir verða reglulegir fundir með verkefnisstjórn, u.þ.b. einu sinni í mánuði, meðan á verkefninu stendur þar sem rætt er um framgang verkefnisins og formlegar ákvarðanir verða teknar og fjallað um árangur verkefnisins. Fundargerðir eru skráðar.

Ráðuneytið tilnefnir tengiliði við Íslandsstofu vegna framkvæmdar samningsins. Tengiliður ráðuneytis við Íslandsstofu er Elísabet Anna Jónsdóttir (elisabet.anna.jonsdottir@mar.is), sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar. Forstöðumaður sviðs útflutnings og fjárfestinga Íslandsstofu er formlegur tengiliður við ráðuneytið og útvegar hann starfsfólk til að vinna að verkefninu og ræður sérfræðinga til starfa.

#### 8. gr.

##### Skilyrði þátttöku

Þátttakendur í verkefninu geta verið fyrirtæki, samtök eða opinberir aðilar sem tengjast íslenska hestinum, framleiða hestavörur og/eða selja þjónustu tengda hestinum. Einnig geta aðrir s.s. þjónustuaðilar, birgjar og félög, gerst aðilar að verkefninu.



Þátttakendur í verkefninu skrifa undir samstarfssamning þar sem þeir skuldbinda sig til að leggja verkefninu til fjármagn og fá tækifæri til að koma að verkefninu með formlegum hætti sbr. 6. gr.

Skilyrði fyrir þátttöku í verkefninu er að þátttakendur styðji markmið og tilgang verkefnisins, taki fjárhagslegan þátt í verkefninu og að þátttaka þeirra hafi ekki neikvæð áhrif á markaðsstarfið.

#### 9. gr.

##### Þátttaka nýrra aðila

Til að efla verkefnið skal stefnt að því að fjölga þátttöku fyrirtækja eða samtaka í verkefninu. Bæta má nýjum aðilum inn í samning þennan með samþykki verkefnisstjórnar hverju sinni. Í því skyni skal Íslandsstofa auglýsa að lágmarki einu sinni á ári eftir nýjum samningsaðilum. Nýir aðilar skuldbinda sig til þátttöku í verkefninu til tveggja ára í senn með uppsagnarákvæði eftir 12 mánuði.

#### 10. gr.

##### Greiðslur og greiðslutilhögun

Ráðuneytið greiðir af fjárlagalið 04-981 að hámarki 25 m.kr. árlega út gildistíma samnings. Ráðuneytið skal greiða fjárhæðir vegna samnings þessa samkvæmt reikningum frá Íslandsstofu, ásamt samantekt á vinnuframlagi og tilkynningu um mótframlag. Framlagið er greitt inn á bankareikning í viðskiptabanka Íslandsstofu. Framlag ráðuneytisins miðast við að til komi jafn hátt mótframlag frá fyrirtækjum og samtökum hérlendis eða erlendis. Skal fjárhagsáætlun verkefnisins ár hvert taka mið af því.

Heildarfjárskuldbindingar matvælaráðuneytisins takmarkast á samningstímanum við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í samningi þessum. Ráðuneytið mun ekki greiða dráttarvexti ef greiðsla dregst og greiðslur bera hvorki vexti né verðtryggingu.

Við undirritun samnings hafa eftirtaldir aðilar skuldbundið sig til að koma með samtals 6.1 milljónir króna árlega til samstarfsins til fjögurra ára:

- Deild hrossabænda í BÍ með 3 milljónir króna
- Landssamband hestamannafélaga með 3 milljónir króna með fyrirvara um samþykkt landsþings
- Félag tamningamanna með kr. 100.000

#### 11. gr.

##### Framsal

Verksala er með öllu óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum, hvort sem er að hluta eða öllu leyti.

#### 12. gr.

##### Vanefndir og meðferð ágreinings

Verði Íslandsstofa staðin að verulegum vanefndum við framkvæmd samningsverkefnisins getur ráðuneytið auk þess að endurkrefja um greiðslur, fresta greiðslum eða stöðva þær, ákveðið að rifta samningi þessum. Íslandsstofa skal tilkynna ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er leika vafi á að hún geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt skal þá greina frá úrræðum sem hún hyggst grípa til. Ráðuneytið skal að sama skapi tilkynna Íslandsstofu tafarlaust ef það telur að vafi leiki á að staðið sé við ákvæði samningsins.

Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### 13. gr.

##### Gildistími og lok samnings

Samningur þessi gildir frá 1. mars 2022 til 31. desember 2025.

Hver aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.


Óski einhver samningsaðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega og ástæður tilgreindar með þriggja mánaða fyrirvara og miðast við áramót. Samningsaðilar munu meta árangur verkefnisins undir lok gildistíma verkefnisins.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit og skulu þau varðveitt hjá samningsaðilum, eitt hjá hvorum. Öllu framangreindu til staðfestingar rita til þess bærir forsvarsmenn verkkaupa og verksala nöfn sín hér að neðan.




F.h. matvælaráðuneytis  
Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra


Reykjavík 25. mars 2022



F.h. Íslandsstofu  
Pétur Þ. Óskarsson, frkv.stjóri



F.h. Landssambands hestamannafélaga  
Guðni Halldórsson, formaður



F.h. Félags hrossabænda/deild hrossabænda í BÍ  
Sveinn Steinarsson, formaður



F.h. Félags tamningamanna  
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir, stjórnarmaður